



Fundargerð menningarmálanefndar 05. desember 2016

Menningarmálanefndarfundur 5.12.16

Fundur var haldin í Kaupvangi, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakóbína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Styrkbeiðnir

Samþykkt að veita Kaupvangskaffi styrk upp á 40.000 kr. fyrir tónlistarviðburð 23 des.

Samþykkt að veita Hótel Tanga styrk upp á 80.000 kr. fyrir tónlistarviðburð 9 og 10 des.

2. Mál: David Bowie show.

Ákveðið að hætta við fyrirhugaða sýningu sem átti að vera eftir áramót útaf niðurskurði í fjárhagsáætlun til menningarmálanefndar. Samt sem áður ákveðið að bjóða þeim að koma á eigin vegum gegn því að fá frítt húsnæði og gistingu. M.m.n.formaður falið að ganga á eftir þessu máli.

3. Mál: Útiskúlptur.

Vöruhönnuðurnir Brynjar og Veronica eru komin á Vopnafjörð á vegum Designs from Nowhere í samstarfi við Vopnafjarðarhrepp. Áætlað er að þau verða hér í tæpa viku eða fram að föstudeginum 9. desember. Þau munu heimsækja fyrirtæki og einstaklinga, auk þess að drekka í sig andrúmsloftið á Vopnafirði og allt sem fyrir augu ber - og það mun leggja grunninn að lokaafurðinni; skúlptúrnum.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 18:00